

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/24

frá 17. febrúar 2000

um stöðu Stóra-Bretlands og Norður-Írlands með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrunar og um niðurfellingu á ákvörðunum 92/538/EBE og 97/185/EB(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 374)

(2000/188/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta, að því er allt yfirlitssvæði þeirra varðar eða hluta þess, öðlast stöðu viðurkennds svæðis sem er laust við tiltekna fisksjúkdóma.
- 2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/538 EBE ⁽³⁾ öðlaðist Stóra-Bretland stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrunar (VHS).
- 3) Eftir að tilfelli veirublóðeitrunar var staðfest á eyjunni Gigha, sem er hluti yfirlitssvæðis Stóra-Bretlands, var staða þessarar eyju sem viðurkennds svæðis að því er varðar veirublóðeitrun afturkölluð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/817/EB ⁽⁴⁾.
- 4) Stóra-Bretland hefur lagt áætlun fyrir framkvæmdastjórnina, sem var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/185/EB ⁽⁵⁾, í því skyni að eyjan Gigha endurheimti stöðu sína sem viðurkennt svæði að því er varðar veirublóðeitrun.
- 5) Athugun á þeim vitnisburði sem Stóra-Bretland lagði fram leiddi í ljós að áætlunin hefur haft tilætluð áhrif þar eð ekkert tilvik af veirublóðeitrun hefur greinst í umfangsmiklum prófunum á bæði villtum og ræktuðum fiski.
- 6) Skilyrðin fyrir því að eyjan Gigha endurheimti stöðu sína sem viðurkennt svæði, að því er varðar veirublóðeitrun, eru því uppfyllt.

- 7) Til glöggvunar er því rétt að fella úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 92/538/EBE og 97/185/EB og að Stóra-Bretland og Norður-Írland endurheimti stöðu viðurkennds svæðis á öllu yfirlitssvæði sínu að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Litið er á Stóra-Bretland sem viðurkennt meginlandssvæði og viðurkennt strandsvæði fyrir fisk með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrunar.

2. gr.

Litið er á Norður-Írland sem viðurkennt meginlandssvæði og viðurkennt strandsvæði fyrir fisk með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrunar.

3. gr.

Ákvarðanir 92/538/EBE og 97/185/EB falla hér með úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 59, 4.3.2000, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 347, 28.11.1992, bls. 67.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 337, 24.12.1994, bls. 88.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 77, 19.3.1997, bls. 31.